# ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

- Verður haldið dagana 16. og 17. maí 2025 í Reykjavík.

- Breytingar voru gerðar á reglum um lottó sem snúa að íþróttahéruðum og útbreiðslustyrk til þeirra. Voru þær breytingar bundnar við að UMFÍ færi í sambærilegar reglur og þá um leið að allar skerðingar væru að falla niður.

- Íþróttaþing ÍSÍ er vettvangur íþróttahreyfingarinnar gagnvart stórum málefnum og ákvörðunum. Mikilvægt er að huga tímanlega að þeim málefnum sem þarf þurfa að vera á dagskrá.

- Á síðasta Íþróttaþingi ÍSÍ voru samþykktar breytingar sem snúa að fjölda þingfulltrúa, sjá nánar hér á eftir.

# 12.1 GREIN Í LÖGUM ÍSÍ

Á Íþróttaþingi eiga sérsambönd fulltrúa samkvæmt eftirgreindum reglum og iðkendafjölda síðastliðins almanaksárs:

- Sérsamband sem hefur 999 iðkendur eða færri á 1 fulltrúa.
- Sérsamband sem hefur 1.000 - 4.999 iðkendur á 2 fulltrúa.
- Sérsamband sem hefur 5.000 - 9.999 iðkendur á 3 fulltrúa.
- Sérsamband sem hefur 10.000 -14.999 iðkendur á 4 fulltrúa.
- Sérsamband sem hefur 15.000 - 19.999 iðkendur á 5 fulltrúa.
- Sérsamband sem hefur 20.000 iðkendur eða fleiri á 6 fulltrúa.

Sérsamband sem hefur einungis einn fulltrúa á Íþróttaþingi, á rétt á að auki einum áheyrnarfulltrúa sem hefur tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Hvert sérsamband má kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.

# 12.2 GREIN Í LÖGUM ÍSÍ

Héraðssambönd og íþróttabandalög eiga samanlagt jafn marga fulltrúa á Íþróttaþingum og sérsambönd fá samkvæmt grein 12.1.
Skiptast fulltrúar á héraðssamböndin og íþróttabandalögin í hlutfalli við fjölda iðkenda samkvæmt iðkendatali síðastliðins almanaksárs fyrir Íþróttaþing. Þó skal hvert héraðssamband og íþróttabandalag fá að lágmarki 1 fulltrúa á Íþróttaþing.
Héraðssamband/íþróttabandalag sem hefur einungis einn fulltrúa á Íþróttaþingi, á rétt á að auki einum áheyrnarfulltrúa sem hefur tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.

# TAKK FYRIR

# LAGABREYTINGARTILLÖGUR

HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR

# LAGABREYTINGAR – HVERS VEGNA?

- Regluleg endurskoðun nauðsynleg.
- Vinna vinnuhóps um góða stjórnarhætti.
- Nýjar áskoranir í umhverfi íþróttahreyfingarinnar.
- Ábendingar úr daglegu starfi með sambandsaðilum og Dómstólum ÍSÍ.
- Endurskoðun íþróttalaga nr. 64/1998 í ráðuneyti.

# Í HVERJU FELAST FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR?

- Lagfæring og samræming
  - Lagfæringar á misritun og orðalagi.
  - Samræming hugtaka.
- Tillögur úr starfi vinnuhóps um góða stjórnarhætti
  - Hæfisskilyrði fyrir setu í framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - Stuðningur við gagnsæi og stefnumótun.
- Styrkja og skýra heimildir ÍSÍ og sambandsaðila
  - Heimildir til að taka á brotum innan hreyfingarinnar.

# Í HVERJU FELAST FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR?

- Lögfesting venju
  - Skýrari kröfur til laga íþróttafélaga.
  - Ferli samþykktar nýrra íþróttagreina.
- Uppsetning
  - Einföldun og skipulag lagnna.

# HVAÐ SVO?

- Markmið: Einfalda og skýra verkferla, ekki skapa óþarfa álag.
- Tryggja að aðilar innan hreyfingarinnar geti fylgt breytingunum eftir með auðveldum hætti.
- Útbúa leiðbeiningar og verkfæri fyrir sambandsaðila.
  - Dæmi: Viðmið um lög íþróttafélaga á lokametrunum.

# SAMRÁÐ OG STUÐNINGUR

- Allar lagabreytingartillögur verða kynntar ítarlega fyrir Íþróttaþing 2025.
- Stjórnsýslusvið ÍSÍ mun styðja sambandsaðila í innleiðingu þeirra ákvæða sem lagabreytingar í lögum ÍSÍ kalla á.
- Stjórnsýslusvið ÍSÍ veitir sambandsaðilum aðstoð varðandi fyrirhugaðar lagabreytingar fyrir sambandsþing.
- Ef í vafa um lög og reglugerðir ÍSÍ – leitið til okkar!

# TAKK FYRIR